

Inngangur

EuroFIR er evrópskt öndvegisnet (network of excellence) um efnainnihald matvæla, stöðlun gagnanna og miðlun þeirra með gagnagrunnum og netinu.

Verkefnið hófst 2005 og því lýkur 2009. Þátttakendur eru 40 stofnanir frá 21 Evrópulandi. Verkefnisstjórn er hjá Institute of Food Research í Bretlandi. Matra er íslenski þátttakandinn í samstarfi við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, rannsóknastofu í næringarfræði, Lýðheilsustöð og Hugsjá ehf.

Meginmarkmið EuroFIR verkefnisins er að samhæfa evrópska gagnagrunna um efnainnihald matvæla og auka gæði gagnanna. Undirverkefni EuroFIR eru 15 og taka Íslendingar þátt í eftirtöldum verkefnum:

Gagnagrunnar (WP1.4-1.6)



Meginmarkmið:

- Þróun staðla fyrir gagnagrunna um matvæli.
- Þróun LanguaL kerfisins til að skilgreina evrópskar fæðugegundir.
- Netvæðing gæðametinna gagna.

Unnið er að samhæfingu á matvælagagnagrunnum þátttakenda svo hægt verði að nýta skilgreind og gæðametin gögn óháð landamærum.

Íslenska gagnagrunninn þarf að laga að kröfum EuroFIR verkefnisins, vinna þarf gæðamat fyrir öll gögn og setja þau gögn á netið sem fullnægja gæðakröfum.

Unnin matvæli (WP2.2)

Setja á fram gæðakröfur fyrir útreikninga á næringargildi matvæla. Efla á samstarf við matvælaíðnað og finna leiðir til að auka gæði gagna fyrir unnin matvæli.

Matarhefðir (WP2.3.1)



Helstu markmið eru að:

- Afla nýrra gagna um næringarinnihald þjóðlegra matvæla.
- Stuðla að jafnari gæðum og auka hagkvæmni með stöðlun og tæknivæðingu.
- Auðvelda skráningu þjóðlegra matvæla.
- Vekja athygli á mikilvægi þjóðlegra matvæla.

Við val á matvörum til umfjöllunar í verkefninu verður tekið mið af mikilvægi þeirra innan íslenskrar matarmenningar og vinsældum. Af öðrum þáttum sem skipta máli við valið má nefna upplýsingar um samsetningu og neyslutölur.

Meðal íslenska matvæla sem falla vel að kröfum verkefnisins eru: Skyr, hangikjöt, harðfiskur, kæstur hákarl, kæst skata og súr blóðmör.

Lífvirk efni (WP2.4)



Gögn um lífvirk efni í fjölda vísindagreina eru metin með tilliti til gæða og skráð í sérstakan gagnagrunn.

Vinnan nær til eftirfarandi efnaflokka í plöntum: Karótíníð, flavanóíð, fenolsýrur, ísóflavón og plöntusteról. Mat á gögnum nær til sýnatöku, meðferðar og mælinga á sýnum.

Gagnagrunnur verkefnisins fyrir lífvirk efni verður fyrsti gagnagrunnurinn í Evrópu með upplýsingum fyrir helstu flokka lífvirkra efna ásamt upplýsingum um áhrif þeirra í líkamanum. Grunnurinn verður aðgengilegur á netinu með heitum plantna á öllum tungumálum Evrópu.